

Þessu efni mætti hafa, þegar um jafnörðugt og þýðingarmikið löggjafaratriði er að ræða. 106
6. júlí

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um að sóknarpresturinn í Helgafellsprestakalli skuli búa í Stykkishólmi eða þar í grend. — Eptir móttöku þóknanslegs brjefs yðar, herra landshöfðingji, dagsett 29. marz þ. á., hefir ráðaneytið allraþegnsamlegast lagt það til og hans hátign konunginum þann 25. f. m. allra-mildilegast þóknast að samþykkja það, að sóknarpresturinn í Helgafellsprestakalli í Snæfellsnesprófastsdæmi skuli hjer eptir skyldur að búa í Stykkishólms verzlunarstað eða rjett þar í grendinni, eptir því sem biskup nánara kveður á um. 107
8. júlí

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum, svo og til auglýsingar í B deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Árnessýslu um styrk til gufubátsferða með suðurströnd landsins. — Samkvæmt beiðni sýslunefndanna í Árnessýslu og Rangárvallasýslu, tillögum yðar, herra sýslamaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. f. m., og sýslumannsins í Rangárvallasýslu í brjefi, dagsettu 21. s. m., vil jeg hjer með af fje því, sem í 12. gr. C. a. hinna núgildandi fjárlaga er veitt til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, veita til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi milli Reykjavíkur og Eyrarbakka á þessu sumri 750 krónur til móts við 250 krónur samtals úr sýslusjóðum tjeðra sýslufjelaga. 108
8. júlí

Þetta er yður, herra sýslamaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiðtsyfirvaldanna um lántöku handa prestakalli. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn að Prestsbakka í Vesturskaptafellsprófastsdæmi, síra Magnús Bjarnarson, taki allt að 3500 króna lán upp á tekjur prestakallsins til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri, 18 álna langt, 6 álna breitt, 4 álnir undir lopt, með 1½ áln. porti og skúr fram með annari hliðinni, 5 álna breiðum en jafnlöngum húsinu og með kjallara undir húsinu, 5 álna breiðum og 12 álna löngum. Á húsið og skúrinn að vera með jærnpaki og jærnvarið á hliðum og 109
20. júlí